

## Skuldbindingar vegna styrkja

1.  
Þegar stofnun eða stjórn sjóðs hefur úthlutað eða ákveðið að veita styrki til einhverra málefna skulu þeir koma til bókunar í bókhaldi samanber skuldbindingar þar um.
2.  
Ef loforð um styrkveitingu er háð fyrirvörum um samþykki eða afgreiðslu Alþingis, skal ekki gjaldfæra í bókhaldi fyrir en það samþykki liggur fyrir.
3.  
Ef engir fyrirvarar eru gerðir við úthlutun eða ákvörðun styrkja er litið þannig á að skuldbinding hafi átt sér stað og skal gjaldfæra úthlutunina eða styrkina strax í bókhaldi stofnunarinnar.
4.  
Stofnanir/sjóðir eiga ekki að skuldbinda sig vegna styrkja nema heimildir til þess liggi fyrir frá Alþingi.

Fjársýsla ríkisins  
15. desember 2011